

20. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 31. mars 2011, kl. 16.15, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Gunnar Sigurðsson, almannatengslafulltrúi, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir.

Fundargerð 19. fundar frá 17. mars sl. samþykkt.

2. 16. alþjóðlega ungmennamót drengja í Berlín 2. apríl nk., val keppenda á mótið.

Mál þetta var áður á dagskrá stjórnar 3. febrúar og 17. mars sl. Formaður gerir grein fyrir vinnslu málsins, skriflegum svörum og símtölum verkefnisstjóra til bréfitara, fundi formanns og Sólveigar Jónsdóttur með Axel Bragasyni, formanni tk, Birni M. Tómassyni, nefndarmanni í tk og Davíð Ingasyni, verkefnisstjóra þann 21. mars sl., og símtali formanns við bréfitara.

Formaður vísar af fundi og Birna Björnsdóttir tekur við stjórn fundarinnar.

Málið rætt og gengið frá skriflegu svari til bréfitara sem verður boðsent honum að fundi loknum. Þar sem erindi bréfitara til FSÍ hefur að hans frumkvæði verið sent fjölda einstaklinga innan fimleikahreyfingarinnar sem ekki eiga sæti í stjórn FSÍ, verður afrit af svari stjórnar til bréfitara sent þeim sömu einstaklingum.

Formaður tekur við fundarstjórn.

3. Bréf tækninefndar í hóp fimleikum um landsliðsmál

Tækninefnd í hóp fimleikum hefur fundað með þjálfurum og áhugamönnum í hóp fimleikum um framtíðarsýn landsliða í hóp fimleikum. Afrakstur þeirrar vinnu kemur fram í bréfi tækninefndar. Sólveig kynnir málið.

Málið rætt. Stjórn þakkar tækninefndinni fyrir góða vinnuna. Ákveðið er að boða tækninefnd í hóp fimleikum til fundar með fulltrúum úr stjórn. Þá verður óskað eftir því að tækninefnd kynni málið á formannafundi í maí nk.

4. Erindi frá fimleikafélagi Akureyrar varðandi dómarakostnað.

Fimleikafélag Akureyrar beinir þeim tilmælum til FSÍ að taka til athugunar að færa dómarakostnað vegna fimleikamóta frá aðildarfélögum til FSÍ. Stjórn þakkar erindið en tekur fram að ekki stendur til að breyta núverandi fyrirkomulagi varðandi dómarakostnað.

5. Umsókn um „Wild card/tripatite commission places“

Birna kynnir möguleika FSÍ til að fá sæti, „wild card“, á Ólympíuleikum 2012. Birnu falið að afla frekari upplýsingar um málið og leggur hún til að málið verði tekið fyrir aftur að loknu Evrópumeistaramótinu, og er það samþykkt.

6. Til kynningar.

- a. Bréf ÍSÍ um gerð skrár yfir mikilsverða viðburði í íþróttahreyfingunni, dags. 24. mars sl., ásamt bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Framkvæmdastjóra falið að afgreiða erindið.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 14. apríl nk., kl.16.15.

Fundi slitið kl. 19.30

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.